

8. gr.

156

1. sept.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 1. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

157

1. sept.

fyrir Dalvík.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Dalvíkurhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hálshöfðatá að Sauðanestá á Upsaströnd, innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og sér um fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefndin skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans í hvívetna og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu, enda gæti þeir allrar kurteisi í starfi sínu.

157

1. sept.

6. gr.

Skýlt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þetta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum og bátum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan við hafnargarða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina innan hafnargarða kjölfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina að tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Skýlt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

12. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætt af því.

13. gr.

Sérhverjar skemmdir, sem verða á hafnarvirkjum, áhöldum hafnarinnar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef skemmdirnar stafa af ásettu ráði eða vangá.

14. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju, eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tilögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

Sá, sem vill gera eithvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á mannvirkinu og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Ekki má heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru innan hafnartakmarkanna, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

V. KAFLI

Um lestagjald.

157
1. sept.

15. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, sem mæld eru til lestatals, ennfremur upp-skipunarprammar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við bryggju eða festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum tölum; brotum skal sleppa.

- a. Skip, bátar og prammar, sem eru eign búsettra manna á Dalvík, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 1.00 fyrir hverja brúttó smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00.
- b. Innlend fiskiskip greiði 20 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki meira á ári en kr. 1.20 fyrir hverja brúttó smálest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hverja smálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VI. KAFLI

Um ljósagjald.

16. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

- a. Skip, sem getur um í 15. gr. a., greiða kr. 5.00 á ári.
- b. Skip, sem getur um í 15. gr. b. greiða kr. 3.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 3.00 í hvert skipti.

VII. KAFLI

Um bryggjugjald.

17. gr.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum sleppt. Gjald skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring 5 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert skipti.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

- b. Gjald af bryggjum einstakra manna:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Dalvík og leggja upp á þeirra bryggjur. Flutningsskip og önnur gjaldskyld skip greiða samkv. gjaldskrá hafnarsjóðs hálf bryggjugjald.

18. gr.

Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 14. gr., skal ákveðið á hverjum tíma í samráði við hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

VIII. KAFLI

Um vörugjald.

19. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

20. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur, sem á farmskrá eru ákveðnar til annara hafna en Dalvíkur, en eru látnar þar á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi, eða í misgripum.
- b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskafurðir, þegar þetta er flutt á land í höfninni.
- c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjavörur skipa og báta til eigin notkunar, þegar þetta er flutt úr landi.
- d. Póstur og farangur ferðamanna.
- e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Hálf gjaldeining telst sem heil, en minna broti skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta innheimtumanni hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá eða fylgibréf, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki innheimtumanni ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsókn, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund sem hæst gjald skal greiða af. Minnsta vörugjald skal vera 25 aurar.

22. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldaskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Ef vafi leikur á í hverjum flokki telja skuli einhverja vöru, úrskurðar innheimtumaður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

23. gr.

a. Aðfluttar vörur:

1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg. Kol og salt.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg. Oliur og benzin.
3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg. Sement og útlendur áburður.
4. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg. Þakjárn, smíðajárn og steypujárn.
5. flokkur: Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg. Kornvara, kaffi, sykur og fóðurmjöl.
6. flokkur: Gjald 6 aurar fyrir hvert teningsfet. Timbur.
7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Allar aðrar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.
8. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg. Hörð fiskbein.
9. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.
10. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hvert stykki. Tóm föt, uppsett eða óuppsett.
11. flokkur: Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald af eftir þyngd, og ekki eru undanþegnar vörugjaldi.

b. Útfluttar vörur:

157

1. sept.

1. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu. Saltsild og matéssild.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu. Krydduð og sérverkuð sild.
3. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur og verkaður fiskur.
4. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg. Lýsi.
5. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg. Kjöt.
6. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg. Ull.
7. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg. Gærur.
8. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Fiskimjöl.
9. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald fyrir eftir þyngd.
10. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hvert stk. Stórgripir.
11. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hvert stk. Sauðfé.
12. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Allar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

IX. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

25. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum eða öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, ljósagjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á fleytunni, unz gjöldin eru greidd.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfn, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

27. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

29. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

- 157 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. september 1931
1. sept. til þess að öðlast gildi 15. september 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

- 158
2. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns.

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzinbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Í ríkisstjórn Íslands, 2. september 1939.

Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.

- 159
4. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.
frá 2. nóvember 1917.

1. gr.

Inn í 7. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum „kringumstæður leyfa“ bætist: Hreppsnefndum er heimilt að ákveða, hvaða leið reka skuli til afréttar.

2. gr.

Inn í 13. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum: „sem fjáreigandi á heimili í“ bætist: Þó skulu fjáreigendur greiða full fjallskil í þeim hreppi, sem búpeningi er